

Vegna athugasemda umhverfisnefndar Garðabæjar þess efnis að farið er fram á að vöktun í Garðaholti verði aukin og teknar verði upp reglubundnar mælingar á flúor í lofti og í ryki á Garðaholti.

Í áætluninni er nú gert ráð fyrir að bætt verði við fyrri áætlun að verða tekin laufsýni í Garðaholti. Því eru fram komnar endurbætur á áætluninni (sbr. vöktunaráætlun 2014-2020) vegna þessa atriðis sem nefnt er í athugasemdinni, þ.e. mögulegrar flúormengunar á Garðaholti.

Rannsóknir sýna að ákveðnar tegundir gróðurs séu með lægstu þolmörkin gagnvart styrk flúors. Því má búast við því að flúormengunar verði fyrst vart í gróðrinum. Mengunin getur í framhaldinu haft neikvæð áhrif á grasbíta. Það er því landbúnaðarstarfsemi og dýravelferð sem þarf að huga að í þessu sambandi, sé landbúnaður stundaður á svæðinu. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að skoða hvort um sé að ræða mengun í gróðri.